

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 578/1982 um námslán og námsstyrki.

1. gr.

46. grein orðist svo:

Óski stjórn Sambands íslenskra námsmanna erlendis eftir því, skal Lánasjóðurinn draga félagsgjald til samtakanna af útborguðu láni til námsmanna erlendis. Á sama hátt skal sjóðurinn innheimta félagsgjald til Bandalags íslenskra sérskólanema af lánum til sérskólanema á Íslandi. Gjald þetta skal vera hliðstætt hlut Stúdentaráðs Háskóla Íslands í innritunargjöldum Háskólans.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 6. ágúst 1986.

Sverrir Hermannsson.

Knútur Hallsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 628 30. desember 1980,
um jöfnunargjald.

1. gr.

Tollskrárnúmer 87.05.09 falli brott úr upptalningu tollskrárnúmera í 2. gr. reglugerðarinnar.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimildum í 3. og 4. gr. laga nr. 78 23. desember 1980, um jöfnunargjald, til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 25. ágúst 1986.

Þorsteinn Pálsson.

Bjarnveig Eiríksdóttir.